

Skipulags- og umhverfisnefnd, fundur nr. 14

Dags. 20.10.2010

Fundargerð Skipulags og umhverfisnefndar 20.10.2010.

Allir aðalmenn mættir: Ásvaldur Ævar Þormóðsson, Þórunn Jónsdóttir, Hörður Þór Benónýsson, Sigurður Hlynur Snæbjörnsson og Guðrún Tryggvadóttir.

1) Verkaskipting nefndar.

Þórunn Jónsdóttir kosinn varaformaður og Sigurður Hlynur Snæbjörnsson ritari.

2) Erindisbréf.

Nefndin álítur að úr texta erindisbréfs beri að fjarlægja allt sem lítur að málefnum slökkviliðs og brunavarna þar með talið fjórðu grein í heild sinn, þar sem þau mál falla nú undir aðra nefnd

3) Deiliskipulagstillaga, Einarsstöðum 2.

Teknar fyrir ábendingar Skipulagsstofnunar frá 7. Október 2010 og áorðnar breytingar á deiliskipulagstillögu fyrir ferðaþjónustusvæði á Einarsstöðum 2 dags. 09.04. 2010 og 18.10. 2010.

Skipulagsnefnd álítur að athugasemdir Skipulagsstofnunar hafi skilað sér inn í síðustu breytingar á deiliskipulagstillögunni en tekur þó fram að engin merkt gönguleið er í átt að kirkjunni heldur lítur svo á að einungis sé um vegarslóða/gönguleið að núverandi íbúðarhúsi eigenda Einarsstaða 2 að ræða og ennfremur að vegarslóðinn sé utan deiliskipulags.

Skipulags og umhverfisnefnd gerir því ekki athugasemdir við deiliskipulagstillöguna með áorðnum breytingum.

Nefndin beinir því til sveitarstjórnar að umsögn Umhverfisstofnunar dags. 29. 06. 2009 og umsögn Vegagerðarinnar um breytt not vegtengingar á Einarsstöðum 2 að ferðaþjónustusvæðinu frá 19. 10. 2010 fylgi deiliskipulagstillögunni til Skipulagsstofnunar.

Fleira ekki bókað og fundi slitið.